

## 15. gr.

118

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, er renna í ríkissjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála. 20. nóv.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1936 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. nóvember 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*

## BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

119

25. nóv.

um mat og útflutning síldar.

## 1. gr.

Öll suðurlandssild, sem söltuð er, krydduð eða verkuð á annan hátt til útflutnings í tunnum og er yfir 29 cm að stærð, skal flokkuð við söltun eftir stærð og gæðum.

## 2. gr.

Til fyrsta flokks að gæðum telst öll óskemmd sild, sem að dómi matsmanna er nægilega feit, 29 cm á lengd eða stærri, og hefir þroskuð hrogn eða svil að einum þriðja hluta eða meira.

Sild þessa skal flokka eftir stærð sem hér segir:

1. Stærðarflokkur a. Öll sild 32 cm á lengd og stærri.
2. Stærðarflokkur b. Öll sild, sem er 29—32 cm á lengd.

## 3. gr.

Til annars gæðaflokks telst öll sild, sem er 29 cm á lengd og sem er „tóm“, þ. e. með lítt þroskuðum hrognum eða sviljum, mögur og langdregin. Sild þessi aðgreinist í stærðarflokka, eftir reglum í 2. gr. 1. og 2. lið.

## 4. gr.

Sildina skal ávallt flokka í gæðaflokka um leið og hún er söltuð, en sé ekki unnt að framkvæma stærðarflokkun þá þegar, er heimilt að salta hvorn gæðaflokk fyrir sig og aðgreina þá síðar í stærðarflokka.

## 5. gr.

Trúnaðarmaður Síldarútvegsnefndar skoðar sildina og metur til útflutnings þegar hún er fullverkuð. Þó má, ef sérstaklega stendur á og matsmaður telur framkvæmanlegt, meta sildina fyr.

119 Við skoðun sildarinnar skulu sildareigendur gera sér far um, að skoðunin  
25. nóv. geti gengið sem greiðlegast og aðstoða matsmann í því að fá sem best yfirlit yfir sild þá, sem vottorð er gefið um.

Engin útflutningsleyfi má gefa fyrir sild, nema vottorð matsmanns um flokkun, verkun og merki sildarinnar liggja fyrir.

#### 6. gr.

Matsmaður athugar, að sildartunnurnar séu hreinar, ógallaðar og þækilfullar, ennfremur nægilega fylltar og sildin rétt lögð niður.

Við skoðun sildar skal matsmaður opna að minnsta kosti 10. hverja tunnu, ýmist efri eða neðri botn, og auk þess tæma til fullnustu að minnsta kosti 2 tunnur af hverju hundraði. Ef engu er ábótavant um flokkun eða verkun í hinum skoðuðu tunnnum, má matsmaður leyfa merkingu hinnar skoðuðu sildar. Komi hinsvegar einhverjar misfellur í ljós við skoðunina, skal matsmaður neita að gefa skoðunarvottorð um sildina. Sildareigandi getur þá krafizt þess, að hver tunna sé opnuð og vottorð gefið um tunnur þær, sem rétt eru flokkaðar og verkaðar, ef nokkrar eru.

Nú þarf sild endurflokkunar við, og á þá sildareigandi rétt á leiðbeiningu matsmanns. Þurfi matsmaður aðstoðar við, vegna slíks endurmats, greiðist sá kostnaður af sildareiganda eftir reikningi, að öðrum kosti greiðir Sildarútvegsnefnd laun matsmanns af útflutningsgjaldi af sild, samkv. 2. gr. laga nr. 74 29. des. 1934, um sildarútvegsnefnd, útflutning á sild, hagnýtingu markaða o. fl.

#### 7. gr.

Sildartunna telst gölluð í fyrsta gæðaflokki:

- a. Ef í einhverri tunnuni finnast fleiri en 20 gallaðar sildir í stærðarflokki a, og fleiri en 30 gallaðar sildir í stærðarflokki b. Sildin telst gölluð, ef hún er sjólegin, kramin, rifin, hauslaus, hálsbrotin, „tóm“, langdregin og mögur, eða undir 32 cm í stærðarflokki a og undir 29 cm eða yfir 32 cm í stærðarflokki b, ennfremur vansöltuð sild, súr, sæt eða þrá, eða of gömul í salt, og ef um skokverkun er að ræða, þá sild sem er illa hreinsuð eða með tálknum.
- b. Í öðrum gæðaflokki teljast gallar þeir sömu og í fyrsta gæðaflokki, eftir því sem við á samkvæmt verkunaraðferð og stærð, þó að undanskildri „tómri“ sild. Ef sild er afhausuð, telst það gölluð sild, ef skorið er óhæfilega mikið af bolnum. Aldrei mega vera fleiri en 5 sildir með sama galla í sömu tunnuni.

#### 8. gr.

Við skokverkun á sild skal jafnan gæta þess, að sildinni sé vandlega raðað á hrygg í tunnurnar og saltinu dreift jafnt í hvert lag og jafnmikið í hverja tunnu. Einkum skal vanda röðun á botnlagi og efsta lagi (spegli), og í þeim lögum mega engar gallaðar sildir vera. Svil eða hrogn má eigi skemma.

## 9. gr.

Sild, sem er 24 tíma eða eldri, má ekki salta til útflutnings, né heldur sjó- **119**  
dauða sild. Sild, sem látin er óblóðguð í tunnur (skúffluð), má ekki skoðkverka. **25. nóv.**

## 10. gr.

Merkingu sildarinnar skal haga þannig: Efst á efra botni komi í boga tegund sildarinnar, t. d. Faxasaltsild, Faxakryddsild, Faxasérverkun o. s. frv. Þar undir komi:

- a. Í fyrsta gæðaflokki, stærðarflokk a. Full a [skammstöfun fyrir svilfulla sild, stærðarflokk a], en Full b [skammstöfun fyrir sama gæðaflokk, stærðarflokk b].
- b. Í öðrum gæðaflokki, á efra botni komi fyrst tegundarheiti, svo sem í fyrsta gæðaflokki, en síðan: Tóm a [skammstöfun fyrir tóma og magra sild í fyrsta stærðarflokki], en Tóm b [skammstöfun fyrir sama gæðaflokk, stærðarflokk b].

Á allar sildartunnur komi undir framangreindum merkjum, þvert yfir tunnubotninn orðið Ísland, en síðar stöðvarmerkið og neðst á botninum í boga nafn söltunarstaðar.

Matsmaður hefir eftirlit með, að tunnurnar séu rétt merktar og snyrtilega.

Nú er óskað mats á skoðkverkaðri sild, sem söltuð hefir verið áður en reglugerð þessi gekk í gildi og úr sildinni verið tekin hrogn eða svil að nokkru eða öllu leyti, og skal aðgreina sild þessa svo sem að framan greinir í gæðaflokka, en merkja eingöngu með Faxasérverkun, en ekki með orðinu „Full“.

## 11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi nú þegar. Þó getur Sildarútvegsnefnd veitt undanþágu frá mati á sild, sem veidd er og söltuð áður en reglugerðin gekk í gildi.

## 12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 og skulu mál út af brotum á henni sæta meðferð almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, og lögum nr. 74 29. desember 1934, um sildarútvegsnefnd, útflutning á sild, hagnýtingu markaða o. fl., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. nóvember 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*